



Verkefnisstjórn 5. áfanga rammaáætlunar

Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytið

Borgartúni 26

105 REYKJAVÍK

Iceland

Garðabær, 24.4.2025

Málsnúmer: 202502-0005

SS

Efni: Flokkun verkefnisstjórnar 5. áfanga rammaáætlunar á 10 vindorkukostum.

Vísað er í tölvubréf frá umhverfis-, orku-, og loftslagsráðuneytinu dags. 30. janúar 2025 þar sem óskað er eftir að Náttúrufræðistofnun skili umsögn í Samráðsgátt Stjórnarráðsins um tillögu verkefnisstjórnar 5. áfanga rammaáætlunar um flokkun 10 vindorkuverkefna. Ásamt greinargerð verkefnisstjórnar eru lögð fram til kynningar og umsagnar skýrslur fjögurra faghópa rammaáætlunar. Verkefnisstjórn byggir niðurstöðu sína á samanburði á heildarniðurstöðum allra faghópanna sem hver og einn röðuðu virkjunarkostunum tíu með tilliti til þeirra matsþátta sem eru til umfjöllunar í hverjum faghóp.

Fagþekking Náttúrufræðistofnunar tengist viðfangsefnum faghóps 1 og eru það einkum viðföngin jarðminjar og vatnafar, lífverur, vistkerfi og jarðvegur, landslag og víðerni en ekki viðfangið menningarminjar. Rýni Náttúrufræðistofnunar snýr því fyrst og fremst að mati faghópsins á verðmæti svæða m.t.t. til þessara viðfanga sem stofnunin býr yfir fagþekkingu yfir og á mati faghópsins á áhrif virkjunarkosta á þau verðmæti. Stofnunin hefur einnig lögbundið hlutverk við að meta gæði gagna fyrir þessi viðföng og var því gæðamati skilað til faghóps 1 þann 6. desember 2024.

Verkefnisstjórnin gefur yfirlit yfir niðurstöður faghópanna fjögurra í greinargerð sinni en einnig er í lið 7.4 fjallað um ýmis önnur atriði sem verkefnisstjórnin leit til. Þar á meðal ítarumfjöllun faghóps 1 um fugla og mikilvægi þess að rýna áhrif á haförn sérstaklega. Einnig er fjallað um ábendingar um skort á gögnum frá öðrum faghópum.

Þess ber að geta að umhverfismat framkvæmda er hafið fyrir a.m.k. sex af virkjanakostunum sem hér eru til umfjöllunar. Umhverfismatsskýrslur hafa þó einungis verið kynntar opinberlega fyrir tvo þeirra, Garpsdal og Sólheima, og ferlinu þar að auki ekki lokið þar sem Skipulagsstofnun er enn með þær til meðferðar. Mikið af upplýsingum er safnað í umhverfismatinu um flesta ef ekki alla þá umhverfisþætti sem lagðir eru til grundvallar vinnu verkefnisstjórnar. Mun nákvæmari umfjöllun er þó í umhverfismatinu eins og gera má ráð fyrir og nauðsynlegt er að skilgreina á hvaða upplýsingum ákvarðanir á vettvangi rammaáætlunar eru teknar. Ljóst er að mikill munur er á umfangi fyrirliggjandi upplýsinga fyrir þessa tíu vindorkukosti m.t.t. til þessa sem gerir samanburð milli þeirra vandasaman. Staða virkjanakosta sem eru í umhverfismatsferli er einnig mismunandi. Umfang og magn upplýsinga er þar af leiðandi misjafnt, hversu mikið hefur verið unnið úr gögnum er sömuleiðis misjafnt sem og hversu aðgengileg þau eru enda sums staðar enn verið að safna eða vinna úr gögnum. Þá er aðferðafræði í sumum tilfellum töluvert ólík. Rannsóknir á t.d. áhrifum vindorku á fuglalíf eru tiltölulega nýjar á Íslandi og hafa með hverju verkefninu slípast betur en móta þarf skýrari og samræmdari reglur



og leiðbeiningar um hvaða aðferðafræði eigi að beita. Náttúrufræðistofnun hefur sjálf lítið komið að slíkum rannsóknum beint en sett sig inn í aðferðafræði og veitt ráðgjöf eftir fremsta megni. Góð kunnátta og færni er að myndast hjá t.d. náttúrustofum sem hafa tekið að sér rannsóknir vegna umhverfismats. Einnig hafa erlendir aðilar stundað rannsóknir hérlandis. Mikilvægt er að viðmið og verklag sé betur samræmt við mat á grunnástandi og áhrifum framkvæmda á lífríki og að skýrleiki varðandi aðferðafræði, úrvinnslu og framsetningu gagna sé aukinn. Mjög mikilvægt er að gera skýrari greinarmun um hvaða upplýsingar um áhrif á fuglalíf eiga við um ákvarðanir á vettvangi rammaáætlunar og hvað á við um umhverfismat. Til dæmis þarf umtalsverðra upplýsinga af vettvangi til að meta áflugshættu fyrir hafarni og aðra fugla. Slíkar upplýsingar eru yfirleitt til staðar fyrir virkjanakosti í umhverfismati en ekki aðra virkjanakosti.

Niðurstaða verkefnisstjórnar er sú að allir 10 vindorkukostir eru flokkaðir í biðflokk og er rökstuðningurinn alla jafna sá að óvissa sé enn til staðar varðandi mikilvæg atriði. Það er þó ólíkt milli vindorkukosta hver og hversu mikil óvissan er hverju sinni. Þá kemur fram í nokkrum tilfellum að verkefnisstjórnin hallist meir að því að líkleg endanleg niðurstaða verði ýmist flokkun í verndarflokk eða nýtingarflokk en að eyða þurfi allri óvissu fyrst áður en sú ákvörðun liggur fyrir.

Náttúrufræðistofnun hefur rýnt greinargerð verkefnisstjórnar og skýrslu faghóps 1 og vill koma eftirfarandi ábendingum á framfæri:

Náttúrufræðistofnun gerir ekki athugasemd við þá niðurstöðu verkefnisstjórnar að flokka alla 10 vindorkukosti í biðflokk að svo stöddu og er sammála því að eyða þurfi óvissu um mikilvæg atriði og á það við um alla vindorkukostina. Mikilvægt er þó að gera greinarmun á milli stöðu hvers virkjanakosts fyrir sig m.t.t. hver og hversu mikil óvissan er og hve mikið vantar upp á til að eyða óvissunni. Vikið er betur að því hér á eftir í umfjöllun um einstök vindorkuverkefni.

Umfjöllun faghóps 1

Í skýrslu faghóps er ítarlega fjallað um skilgreiningar, viðmið og forsendur fyrir mati á verðmætum og áhrifum fyrir einstök viðföng. Varðandi mat á lífverum vill Náttúrufræðistofnun benda á að til viðbótar við upplýsingar um fundarstaði vðlistategunda er mikilvægt að horfa til lista yfir friðaðar æðplöntu-, mosa- og fléttutegundir skv. Auglýsingu nr. 1385/2021. Við mat á fuglum er vert að vekja athygli á því að Náttúrufræðistofnun er á lokametrinum við endurmat á vðlista fugla en lokið hefur verið við endurskoðun á verndarstöðu flestra tegunda m.t.t. nýrra gagna um stofnþróun. Verndarstaða hjá allmörgum mikilvægum tegundum hefur verið uppfærð og því miður er þróunin neikvæð hjá sumum þeirra. Þar má nefna tegundir sem eru algengar og finnast á mörgum áhrifasvæðum þeirra vindorkuverkefna sem til umfjöllunar eru. Með flokkun þeirra í biðflokk gefst tækifæri til að taka tillit til þeirra breyttu forsenda sem nýr vðlisti fugla felur í sér og er það mjög brýnt að mati Náttúrufræðistofnunar. Meðal tegunda sem eru metnar í meiri hættu en áður má nefna fálka, grágæs, heiðlóu, jaðrakan, lóupræl, spóa og stelk.

Fram kemur að faghópur 1 telji að í samhengi við mat á áhrifum vindorkuvera þurfi sérstaka áherslu að leggja á áhrif á fuglalíf og landslag. Náttúrufræðistofnun getur tekið undir það en vill þó benda á að stórum vindorkugörðum fylgir mikið rask á yfirborði vegna mannvirkjagerðar þ.m.t. út af vegagerð, raflínulagningu og fleiri innviðum til viðbótar við sjálf möstrin og undirstöður þeirra. Því skiptir mjög miklu máli að meta og bera saman svæði m.t.t. áhrifa á gróðurfar og jarðveg sem og jarðminjar sem geta raskast vegna framkvæmda. Engu að síður er sannarlega sérstaða varðandi áhrif á fugla og landslag sem er annars eðlis en þegar áhrif á þessi viðföng eru metin fyrir annars konar orkunýtingu s.s. vatnsafl og jarðminja. Út af þessu er ítarlegri umfjöllun um þessi viðföng í skýrslu faghóps 1.



Varðandi umfjöllun um áhrif á landslag og víðerni vill Náttúrufræðistofnun benda á að á Íslandi eru enn að finna náttúrulegar landslagsheildir og umfangsmikil óbyggð víðerni sem eru gífurlega verðmæt auðlind á heimsvísu og sem okkur ber skylda til að vernda. Áhrif vindorkuvera hafa mikil neikvæð áhrif á þessa umhverfisþætti og hafa mun meiri áhrif en aðrar virkjanir þar sem ekki verður eingöngu rask á yfirborði heldur koma vindmyllumöstrin til með að sjást víða að. Í Rammaáætlun eru eingöngu skoðaðir 10 vindorkukostir en í skipulags- og áætlunarferli eru í undirbúningi um 30-40 vindorkuver um allt land. Má þar nefna að fyrir utan vindorkuverin sem tekin eru fyrir í Rammaáætlun á Vesturlandi, eru fimm vindorkuver í umhverfismatsferli hjá Skipulagsstofnun. Það eru vindorkuverin á Hróðnýjarstöðum í Dalabyggð, í Hvammi í Borgarbyggð (Múli), í Flókadal (Hælsheiði), á Þorvaldsstöðum í Borgarfirði, og Brekkukambi í Hvalfirði. Samlegðaráhrif þessara vindorkuvera, þ.e. þau sem eru innan Rammaáætlunar og utan, munu hafa mikil áhrif á landslag og víðerni fyrir landshlutann.

Nauðsynlegt er að mati Náttúrufræðistofnunar að stjórnvöld marki sér stefnu um verndun, stýringu og skipulag landslags og óbyggðra víðerna á markvissari hátt en hingað til. Í því sambandi þarf að horfa til Landslagssáttmála Evrópu sem íslensk stjórnvöld undirrituðu 2019 og tryggja aðkomu almenninga og annarra að stefnumótun er varðar landslag. Landslag er sameiginlegur náttúru- og menningararfur þjóðarinnar og samkvæmt náttúruverndarlögum (nr. 60/2013) ber okkur skylda að standa vörð um óbyggð víðerni. Óhætt er að segja að það sé brýnt viðfangsefni þar sem í dag er smátt og smátt sneitt af víðernum með margskonar framkvæmdum.

Huga þarf að friðlýstum svæðum náttúru- og menningarminja sem lenda innan áhrifasvæða vindorkuvera. Má þar nefna að frá Þjóðgarðinum og heimsminjasvæðinu á Þingvöllum, koma vindorkuverin á Mosfellsheiði til með að sjást og jafnvel einnig vindorkuverið Hrótmúlavirkjun.

Í greinargerð faghóps 1 varðandi óbyggð víðerni stendur :

“Í ljósi þess að matsvinna faghópsins er bundin af lagaskilgreiningu óbyggðra víðerna var ekki hægt að taka tillit til þessara áhrifa á víðerni í áhrifaeinkunn.”

Náttúrufræðistofnun telur að þrátt fyrir að skilgreining óbyggðra víðerna í náttúruverndarlögum skorti skýrari ákvæði um verndun þá er ljóst að áhrif vindorkuvera á óbyggð víðerni getur orðið mikil og afar neikvæð. Hér þurfa íslensk stjórnvöld að grípa hér inn í og greiða úr þeirri óvissu sem til staðar hefur verið um lagaskilgreininguna til að tryggja að hægt sé að huga markvisst að verndun þessara verðmætu og fágætu landssvæða.

Fjallað er um fugla í sérstökum viðauka í lok greinargerðar faghópsins. Fram kemur að svæði sem skora hátt fyrir fugla séu ekki þau sömu og skora hátt fyrir annað náttúrufar eða menningarminjar sem hafi áhrif á heildareinkunn. Með AHP aðferðafræðinni er hægt að taka betur tillit til þess þegar einstakir matsþættir hafa mun hærri einkunnir en aðrir m.t.t. verðmæti eða áhrifamats, og gerir það að verkum að svæði sem skora hátt fyrir fuglalíf raðast ofar en þegar einungis er litið til heildareinkunnar, sem er ágætt í ljósi sérstakrar áherslu á fugla sem rætt er hér fyrir í umsögninni.

Eins og fram kemur í umfjöllun Náttúrufræðistofnunar hér að framan um gögn sem koma úr ferli umhverfismats er varða fugla og mat á áhrifum vindorkuvera á fuglalíf þ.m.t. áflugshættu, eru sífellt að bæstast við nýrri og umfangsmeiri gögn um viðfangsefnið. Hvort taka eigi tillit til þeirra á vettvangi rammaáætlunar er mikilvægt að tekin sé afstaða til því eins og áður segir er ólíklegt að þau hafi verið rýnd og unnið hafi verið með staðbundin gögn nema þar sem rannsóknir vegna umhverfismats hafa farið fram. Einnig eru rannsóknir um áhrif á fugla af ýmsum toga og mikil þörf á að skilgreina betur hvaða viðmið og aðferðafræði eigi að horfa til. Það þarf einnig að gera m.t.t. úrvinnslu á vettvangi rammaáætlunar. Að mati Náttúrufræðistofnunar er áflugshætta sérstaklega mikilvægt atriði þegar áhrif



vindorkuvera á fugla eru til umfjöllunar og nauðsynlegt er að festa í sessi hvaða aðferðafræði eigi að beita og hvernig gögn skuli vera lögð til grundvallar. Hvaða aðferðir eru heppilegastar getur verið mismunandi eftir tegundum og svæðum. Í mörgum vindorkuverkefnum er nú stuðst við beitingu ratsjár, bæði sjálfvirkum lóðréttum og láréttum mælingum sem geta metið flugumferð allan sólarhringinn yfir langan tíma ef veðuraðstæður eru góðar og svo beinum athugunum á vettvangi sem eru notaðar samhliða ratsjarmælingum á markvissan hátt til að geta greint tegundir. Sjónarhólmælingum er beitt í öðrum tilfellum og stundum hvoru tveggja. Þá hafa staðsetningagögn nýlega bæst við fyrir hafarni en enn er verið að fullmóta hvernig best er að nýta slík gögn við mat á áflugshættu. Vísbendingar eru um að fyrir a.m.k. sumar fuglategundir er töluverður munur á hvernig ratsjárathuganir og sjónarhólmælingar gefa upplýsingar um ferðir fugla og þar með áflugshættu. Skoða þarf betur í hverju munurinn felst og hvaða áhrif það hefur og greiða úr óvissu sem getur skapast. Ekki er þó víst að svo nákvæmt mat sé hægt að framkvæma fyrir flokkun virkjanakosta á vettvangi rammaáætlunar.

Náttúrufræðistofnun vill benda á smávægilega villu í greinargerðinni. Rannsóknir á farleiðum arna hófust árið 2019 en ekki árið 2022. Einnig er á köflum ruglingslegt hvernig hugtökin vaðfuglar og mófuglar eru notuð en ákveðnar tegundir vaðfugla eru almennt taldar til mófugla, sem einnig nær yfir fleiri tegundir s.s. þúfuttling, kjóa, rjúpu o.fl. tegundir sem nýta sér opin gróðurlendi sem lykilbúsvæði.

Þegar fjallað er um óvissu mats varðandi einkunnagjöf eru talin upp ýmis atriði. Við þetta má mæta óvissu um þéttleika fugla á áhrifasvæðinu, í þeim tilfellum sem slík gögn eru ekki fyrir hendi.

Fjallað er um þá vindorkukosti sem að mati faghóps 1 valda sérstökum áhyggjum varðandi árekstra við fuglalíf og vísað í haförn og tegundir sem mikilvæg fuglasvæði eru skilgreind fyrir sem eru t.d. álf, himbrimi og fálki. Náttúrufræðistofnun vill leggja áherslu á mikilvægi þess að taka einnig tillit til áhrifa á mófugla, sem eru oft þeir fuglar sem eru í mestum þéttleika á þessum svæðum sem til skoðunar eru (þar sem gögn eru til staðar) og sem sumir eru í alvarlegri stöðu hér á landi eins og nýleg uppfærsla á valista stofnunarinnar gefur til kynna.

Umfjöllun um einstaka virkjanakosti

Í ljósi þess að allir virkjanakostir eru flokkaðir í biðflokk, þar sem óvissa um tiltekin atriði er metin sem lykilrökstuðningur, telur Náttúrufræðistofnun ekki tímabært að greina ítarlega einkunnir undirviðmiða mismunandi viðfanga virkjanakostana á þessu stigi sem fjallað er um í Viðauka 1. Ljóst er að fleiri gögn munu þurfa að bætast við, í mörgum tilfellum gögn fyrir faghóp 1, og þ.a.l. mun matið mjög líklega taka einhverjum breytingum og alveg örugglega röðunin. Nákvæmari rýni á einkunnagjöfina frá Náttúrufræðistofnun mun því koma síðar.

Eftirfarandi vill stofnunin segja um niðurstöðu hvers virkjanakosts fyrir sig:

1. Alviðra:

Faghópur 1 metur svæðið með hæsta verðmæti fyrir náttúrufar af vindorkukostunum tíu og þar vegur áhrif á landslag mest að mati faghópsins. Niðurstaða annarra faghópa dregur einnig fram ýmis atriði sem rökstyðja að virkjanakosturinn sé ekki sá heppilegasti að mati verkefnisstjórnarinnar.

Umhverfismat vindorkukostsins er í gangi. Náttúrufræðistofnun kom að rannsóknum á gróðurfari og þekkir vel til þess og niðurstöður rannsókna Náttúrustofu Norðausturlands um fuglalíf liggja einnig fyrir. Umhverfismatsskýrsla verkefnisins er hins vegar ekki opinber enn. Virkjanakosturinn er þó óneitanlega einn af þeim þar sem hvað mestar upplýsingar liggja fyrir og í það minnsta varðandi faghóp 1 ætti ekki að vera þörf fyrir umfangsmikla gagnasöfnun til viðbótar. Bent er á að skoða þurfi betur farleiðir hafarna á svæðinu og virðist það vera helsti rökstuðningurinn fyrir flokkun virkjanakostsins í biðflokk en það er



ekki alveg skýrt í greinargerðinni. Náttúrufræðistofnun hefur undanfarið verið að rýna betur farleiðagögn stofnunarinnar að beiðni Skipulagsstofnunar í samhengi við áform um vindorku og hvernig þeim hefur verið beitt til að meta áflugshættu, þó aðallega í tengslum við umhverfismat Garpsdals og Sólheima. Slíkt hefur ekki verið framkvæmt sérstaklega fyrir Alviðru og var ekki hluti af rannsóknum Náttúrustofu Norðausturlands, en ekkert til fyrirstöðu að svo sé gert fljótlega til að eyða mögulegri óvissu um það atriði.

2. Garpsdalur

Faghópur 1 metur verðmæti náttúru- og menningarminja ekki sérstaklega hátt en aftur eru það upplýsingar um ferðir hafarna sem talin er þörf á að rýna betur. Umhverfismat Garpsdals er nálægt því að klárast og umhverfismatsskýrsla liggur fyrir. Farið hefur verið í ítarlegar rannsóknir á þeim náttúrufarspáttum sem umhverfismati ber að fjalla um og því mikið til af gögnum. Síðan niðurstöður verkefnisstjórnar voru auglýstar hefur átt sér stað vinna hjá Náttúrufræðistofnun að beiðni Skipulagsstofnunar að greina frekar úrvinnslu framkvæmdaáðila á GPS-gögnum og uppfært mat þeirra á áflugshættu í tengslum við umhverfismatið. Stofnunin hefur skilað þeirri greiningu til Skipulagsstofnunar.

3. Hrútmúlavirkjun

Að mati faghóps 1 eru áhrifin metin mest á lífríki en einnig fær virkjanakosturinn háa áhrifaeinkunn hjá faghópi 2 sem fjallar um ferðabjónustu og útivist. Helsti rökstuðningur fyrir flokkun í biðflokk er síðan skortur á betri umfjöllun um samfélagsleg áhrif en einnig vantar betri upplýsingar um áhrif á fuglalíf. Fuglarannsóknir hafa farið fram þar en niðurstöður þeirra hafa ekki verið kynntar opinberlega og Náttúrufræðistofnun hefur ekki séð þær. Mikilvægt er að tækifæri fáið til að rýna vandlega nýlegar rannsóknir á fuglum og meta hvort þær gefi fullnægjandi upplýsingar um áhrif á fuglalíf þ.m.t. áflugshættu og búsvæðatap.

4. Hrútavirkjun í Hrótafirði

Faghópur 1 metur verðmæti svæðisins vegna fuglalífs hátt. Það er staðsett mjög nálægt Sólheimum þar sem umtalsverðar fuglarannsóknir hafa farið fram og upplýsingar um farleiðir hafarna nýtast vel fyrir þennan virkjanakost og hægt að draga ályktanir út frá þeim. Umhverfismat er ekki hafið og litlar sem engar staðbundnar rannsóknir á náttúrufari hafa farið fram á áætluðu framkvæmdasvæði, ólíkt Sólheimum og fleiri vindorkukostum sem hér eru til umfjöllunar. Flokkun í biðflokk vegna skorts á upplýsingum er því eðlileg niðurstaða. Skortur á upplýsingum fyrir mat á samfélagslegum áhrifum rennir líka stoðir undir biðflokksflokkunina.

5. Sólheimar

Faghópur 1 metur verðmæti vegna fuglalífs hátt sem og áhrifamatið. Umhverfismat Sólheima er nálægt því að klárast og umhverfismatsskýrsla liggur fyrir. Farið hefur verið í ítarlegar rannsóknir á þeim náttúrufarspáttum sem umhverfismati ber að fjalla um og því mikið til af gögnum. Enn er verið að greina betur hvernig gögn um farleiðir hafarna eru túlkuð m.t.t. áflugshættu og er Náttúrufræðistofnun að framkvæma þá ítgreiningu að beiðni Skipulagsstofnunar í beinu framhaldi af sambærilegri greiningu á gögnum fyrir Garpsdal. Notkun ratsjarmælinga í umhverfismati Sólheima hefur verið annars eðlis en víða annars staðar en ratsjargögnin voru einungis notuð á takmarkaðan hátt fyrir áflugsmatið í matinu. Náttúrufræðistofnun hefur áður gert athugasemd við það og telur frekari notkun ratsjargagna mikilvægasta þáttinn til að eyða óvissu um mat á fuglalíf samhliða meiri skýrleika varðandi notkun GPS-gagna um far hafarna, sem er í rýni hjá stofnuninni eins og áður segir. Að öðru leyti sýnir niðurstaða



umhverfismatsins töluverð áhrif á fuglalíf sem er mjög ríkulegt á svæðinu, ekki síst á mófuglategundir sem sumar eru þar í miklum þéttleika. Mótvægisáðgerðir sem eru áætlaðar margar eiga að vega upp neikvæð áhrif að mestu að mati framkvæmdaðila, og eru þar m.a. mótvægisáðgerðir til að draga úr áflugi sem ágætis reynsla er af erlendis og mikilvægt að skoða vel hér á landi. Ekki liggja fyrir tillögur að mótvægisáðgerðum fyrir alla vindorkukosti sem eru til umfjöllunar hjá verkefnisstjórn núna og hvernig tekið er tillit til þeirra í áhrifamati á vettvangi rammaáætlunar ekki með öllu skýrt.

Fram kemur að verkefnisstjórn telji líklegt að fyllri gögn um áhrif á hafarni leiði til þess að virkjanakosturinn fari í verndarflokk vegna mikilvægi þess að vernda hafarnarstofninn. Það á eftir að koma í ljós en Náttúrufræðistofnun telur einnig óvissu um áhrif á aðrar tegundir vera til staðar þar sem rýna þarf betur hvort sú aðferðafræði sem var beitt í umhverfismatinu (sjónarhólmsmælingar) gefi nægilega nákvæma mynd um áflugshættu fyrir sumar fuglategundir á svæðinu. Þeirri óvissu þyrfti að eyða og það er enn mikilvægara í ljósi breytinga á stöðu mikilvægra fuglategunda sem ný uppfærsla á valista Náttúrufræðistofnunar endurspeglar, svo sem mófuglategunda sem eins og áður segir hafa sumar fundist í miklum þéttleika á áhrifasvæði virkjanakostsins.

6. Mosfellsheiði I.

Faghópur 1 metur verðmæti náttúru- og menningarminja hlutfallslega há m.a. því áhrifasvæðið nær til Þingvallavatns. Helsti rökstuðningur verkefnisstjórnar fyrir flokkun í biðflokk er vegna skorts á upplýsingum um samfélagsleg áhrif sem faghópur 3 leggur mat á og þörf á betri greiningu á samlegðaráhrifum við fleiri nálæg vindorkuáform, sérstaklega m.t.t. ásýndaráhrifa. Náttúrufræðistofnun gerir ekki athugasemd við þá niðurstöðu verkefnisstjórnar.

Varðandi rannsóknir á náttúrufari er umhverfismat í gangi en umhverfismatsskýrsla hefur ekki verið kynnt. Áfangaskýrsla um rannsóknir á fuglalífi var meðal gagna sem faghópur 1 hafði til skoðunar en rannsóknir halda áfram og því full ástæða til að bíða eftir frekari upplýsingum sem eru væntanlegar áður en endanlegt mat faghóps 1 liggur fyrir.

7. Mosfellsheiði II.

Sömu atriði eiga við um Mosfellsheiði II eins og Mosfellsheiði I.

8. Hnotasteinn

Faghópur 1 mat verðmæti náttúru- og menningarminja að meðaltali lægst en heildareinkunn fyrir áhrif var metin há. Umhverfismat er í gangi en umhverfismatsskýrsla ekki verið kynnt. Rannsóknir á náttúrufari hafa farið fram að mestu og skýrsla um grunnástand náttúrufars liggur fyrir en Náttúrufræðistofnun hefur ekki fengið hana til heildstæðrar rýni enn og hefur því ekki lagt mat á niðurstöður skýrslunnar, ljóst er að í henni er töluvert magn af gögnum. Skýrslan er tillögð sem heimild til grundvallar hjá Faghópi 1 en frekari úrvinnsla á henni á eftir að eiga sér stað í umhverfismatsskýrslunni.

Fram kemur í greinargerð verkefnisstjórnar að óvissa sé um ýmsa þætti í mati faghópa á virkjunarkostinum. Náttúrufræðistofnun hefur fyrst og fremst rýnt mat faghóps 1 og þar er m.a. bent á óvissu um áhrif á valistaplöntutegund, undirtegund af hrafnastör, sem og að upplýsingar um umferð fugla um svæðið sé óþekkt m.a. fálka og himbrima. Þess má geta að fálki er meðal tegunda sem Náttúrufræðistofnun metur nú sem í meiri hættu en áður á uppfærðum valista stofnunarinnar.

Umfjöllun er um far fugla í skýrslu sérfræðinga sem er hluti af umhverfismati virkjanakostsins og var m.a. stuðst við ratsjárathuganir. Hvort óvissa um ferðir fugla um svæðið sé þess eðlis að faghópur 1 þurfi frekari gögn fyrir sína ákvarðanatöku er ekki alveg skýrt í umfjöllun faghópsins. Eins og áður sagði í



umfjöllun hér að framan í tengslum við aðra vindorkukosti er mikilvægt að skýrt sé betur hvernig unnið er með niðurstöður aðferðafræði af ólíkum toga, og hvaða gögn eigi erindi inn í verklag rammaáætlunar og hver ekki.

9. Reykjanesvirkjun

Faghópur 1 metur ýmis verðmæti náttúruminja há m.a. hvað varðar jarðfræði. Virkjunin er ekki í umhverfismati og því sambærilegar rannsóknir um t.d. fuglalíf ekki til staðar eins og fyrir marga aðra virkjanakosti. Ýmis önnur gögn eru þó til.

Niðurstaða verkefnisstjórnar um flokkun í biðflokk byggist fyrst og fremst á skorti á upplýsingum á samfélagslegum áhrifum sem faghópur 3 leggur mat á. Náttúrufræðistofnun gerir enga athugasemd við það.

10. Vindheimavirkjun.

Ekki var klárað mat á virkjanakostinum þar sem virkjunaraðili hefur dregið áform sín til baka. Um þennan virkjunarkost er því ekki ástæða til að gera athugasemdir á þessu stigi.

Virðingarfyllt,

Snorri Sigurðsson
Sviðsstjóri náttúruverndar